

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS OG BÚSTAÐA

Ár 2017, mánudaginn 16. október, kl. 16.30 var haldinn 160. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í Safnaðarheimili Grensáskirkju. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Kristín Erna Arnardóttir, Sigurður Eggertsson og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Frá Íbúasamtökum Háaleitis: Valgerður Solveig Pálsdóttir. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvarinnar og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 22.september 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 6.september 2017 á breytingu á deiliskipulagi Fossvogsskóla.
2. Lögð fram ályktun Íbúasamtaka Háaleitis, dags. 16. október 2017, um áframhaldandi öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf á núverandi íþróttasvæði í Safamýri.

Hverfisráð Háaleitis og Bústaða leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Háaleitis og Bústaða styður ályktun íbúasamtaka Háaleitis um áframhaldandi öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf á núverandi íþróttasvæði og vísar henni áfram til ÍTR.

- Kl. 17.00 hefst opinn fundi hverfisráðs Háaleitis og Bústaða um borgarlínu og öryggi íbúa í hverfinu.
- 3. Fulltrúar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Guðmundur Páll Jónsson, Jónas Orri og Guðrún Jack fjalla um löggæslu í hverfinu, afbrotatiðni og niðurstöður könnunar á viðhorfum til löggæslunnar.
- 4. Þorsteinn Rúnar Hermannsson samgöngustjóri fjallar um hugmyndir um borgarlínu og svara fyrirspurnum.

Fundi slitið kl. 18.40

Dóra Magnúsdóttir

Kristín Erna Arnardóttir

Sigurður Eggertsson